

Dags. 20. október 2025

Kæra bæjarráð Kópavogs,

Við viljum biðja um að núverandi lóðaleigusamningur við Lækjarbotnaland 53 d verði endurskoðaður vegna sölu og kaupa á íbúðarhúsi kennara sem stendur á lóðinni. Nú er þannig að ég (Ívar) er búinn að fara í allar lánastofnanir á landinu sem lána mér en hvergi fengið lán til lengra en 10 ára til húsakaupa að Lækjarbotnalandi 53 d vegna þess að lóðarleigusamningurinn er einungis til 10 ára. Það er að segja að það er hægt að fá lán, en annað hvort þarf eigið fé fyrir eigninni að vera svo hátt að það er engin leið fyrir einhvern á kennaralaunum að eiga það til eða að afborganir á láninu eru það háar að það er óraunhæft að einhver á kennaralaunum eigi efni á því. Eins og staðan er í dag er það ógjörningur fyrir mig (Anna Rut) að selja mína fasteign á Lækjarbotnalandi 53d þar sem ég er bundin af að selja kennara eða starfsmanni sem starfar við Waldorfskólann í Lækjarbotnum. Miðað við þann lóðarleigusamning sem er gildandi núna þá er það ekki rauðhæft að kennara eða aðrir starfsmanni við skólann geti keypt eigna vegna lána mála eins og fram kemur hér fyrir ofan..

Helst myndum við vilja fá lóðarleigusamning sem samsvarar þeim lóðarleigusamningum sem eru almennt gefnir út. Við skiljum að bæjarráð vildi stíga varlega til jarðar þar sem að svæðið er skilgreint sem víkjandi byggð. Vert er að nefna að skólinn er hinsvegar skilgreindur sem þjónustureitur á skipulagi. Þrátt fyrir það þá verður að segjast að sá lóðarleigusamningur sem er í gildi er mjög óhagstæður leigjendum og getur Kópavogsbær sagt honum upp án mikilla vandkvæða ef að skipulag á svæðinu breytist eða ef það á að skipuleggja það á einhvern annan hátt. Hinsvegar þá er búseta í þessum húsum háð starfsemi skólans og myndi leggjast af, ef einhverntíma sú staða komi upp að skólinn myndi víkja af svæðinu.

Við viljum taka fram að þessi íbúðarhús kennara eru heilsárshús og af þeim eru greidd almenn fasteignagjöld og er búið í þeim allt árið um kring. Þar af leiðandi eru íbúðarhús kennara að okkar mati ekki þarna á sömu forsendum og sumarbústaðirnir þarna í kring. Einnig er það mjög mikilvægt og raunverulegur styrkur fyrir skólann að hafa íbúðabyggð á svæðinu.

Að lágmarki myndum við vilja sjá lóðarleigusamninga sem að endurspeglar lengd lánstíma hefðbundina fasteignalána, sem eru til 35- 40 ár, til að gera kleift að eðlileg endurnýjun kennara geti átt sér stað

Með von um góðar viðtökur.
Kærar kveðjur,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Anna Rut Steinsson húseigandi.
Kt. 090268-5899
Ívar Brand Hollanders tilv. kaupandi
Kt. 1604922879